



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 18. mars 2016.

Breytingar á reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 10. mars s.l. samþykkti stjórn KSÍ eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ til samræmis við samþykktir 70. ársþings KSÍ 2016.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Íslandsmót meistaraflokks kvenna

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

32.1. Íslandsmót

32.1.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttökuliðum skipt í 3 deildir. Pepsi-deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.

32.1.2. Tvö neðstu liðin í Pepsi-deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í Pepsi-deild.

32.1.3. Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.

Ákvæði til bráðabirgða 2016

Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttökuliðum skipt í tvær deildir. Pepsi-deild skal skipuð 10 liðum og 1. deild öðrum liðum.

Ákvörðun stjórnar KSÍ um keppnisfyrirkomulag í 1. deild 2016:

Í 1. deild kvenna skal liðum skipt í þrjá riðla. Í A og B riðlum eru lið af Suður- og Vesturlandi, í C riði eru lið af Norður- og Austurlandi.

Eftir riðlakeppni fer fram úrslitakeppni átta liða þar sem tvö efstu lið hvers riðils komast í úrslit ásamt tveim félögum með bestan árangur í 3. sæti (árangur gegn liðum í 8. sæti teljast ekki með). Þar mætast:

8 liða úrslit:

Fyrri leikir: BC3-A1, AC3-B1, C2-A2, B2-C1

Seinni leikir: A1-BC3, B1-AC3, A2-C2, C1-B2

Undanúrslit

Fyrri leikir: C1/B2 – A1/BC3, A2/C2-B1/AC3

Seinni leikir: A1/BC3–C1/B2, B1/AC3–A2/C2

Úrslitaleikur

Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita. Leikið er til þrautar.

Mótanefnd KSÍ ákveður leikstað.

Þau félag sem enda í 1. – 3. sæti í hverjum riðli ásamt því félagi sem nær bestum árangri í 4. sæti riðlanna, leika í 1. deild kvenna 2017, nema þau tvo félag sem flytjast í Pepsi-deild kvenna.

32.1.4. Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 2. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Heimilt er að skipta liðum í riðla eða viðhafa svæðakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 1. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.

32.1.5 Í öllum deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 2. deild að víkja frá þessu ákvæði.

32.1.6. Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.

32.1.7. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í tveimur síðustu umferðum í Pepsi-deild kvenna á sama tíma. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessari umferð, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

32.1.8. Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 2. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í Pepsi-deild eða 1. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flyst upp um deild.

32.1.9 Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (1. eða 2. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.

32.1.10. Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

32.1.11. Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

Skýringar

Á 70. ársþingi KSÍ var samþykkt að skipta keppni meistaraflokks kvenna í þrjár deildir og eru reglugerðarbreytingarnar til samræmis við þá samþykkt. Leikið verður í nýrri deild keppnistímabilið 2017. Þá samþykkti stjórn ennfremur keppnisfyrirkomulag fyrir komandi tímabil.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Leikmannaskipti

Á fundi sínum 10. mars samþykkti stjórn KSÍ breytingar á eftirfarandi ákvæðum á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

23.gr.

Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik.

32.gr.

Meistaraflokkur kvenna

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 1. og 2. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik.

Skýringar

Á 70. ársþingi KSÍ var samþykkt að fjölga leikmannaskiptum í 3. deild karla og er reglugerðarbreytingin til samræmis við þá samþykkt. Jafnframt samþykkti stjórn samsvarandi ákvæði fyrir 2. deild kvenna. Breytingar þessar taka þegar gildi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.



Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri KSÍ.